

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 14. mars 2017
Mnr. 2017020093



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Act Alone - styrkbeiðni 2017

Þann 17. febrúar barst Ísafjarðarbæ bréf frá Elfari Loga Hannessyni, f.h. Act alone, þar sem óskað er eftir aðkomu Ísafjarðarbæjar að hátíðinni. Samkvæmt tölvupósti frá Gísli Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra, sama dag taldi Elfar Logi, f.h. Act alone, nauðsynlegt að tvöfalda þann styrk sem Ísafjarðarbær hefur áður veitt.

Á 964. fundi bæjarráðs, 20. febrúar sl., fól bæjarráð bæjarstjóra að ræða við forsvarsmenn Act Alone um endurnýjun samnings vegna hátíðarinnar. Samstarfssamningur var í gildi milli Ísafjarðarbæjar og Act Alone árin 2015 og 2016, þar sem Ísafjarðarbær styrkti hátíðina um kr. 500.000,- hvort árið fyrir sig. Bæjarstjóra var því falið að ræða við forsvarsmenn hátíðarinnar um styrk að sömu fjárhæð.

Á 966. fundi bæjarráðs 8. mars sl. var málið tekið fyrir að nýju og bæjarstjóri upplýsti að forsvarsmenn Act Alone teldu sig geta staðið vel að hátíðinni með viðbótarstyrk upp á kr. 200.000,- umfram það sem þeim hefði verið veitt árin á undan. Samtals væri því um að ræða kr. 700.000,- styrk árið 2017.

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar var gert ráð fyrir kr. 200.000,- styrk til Act Alone á árinu 2017. Því er gerður viðauki að fjárhæð kr. 500.000,- í samræmi við tillögu bæjarráðs um heildarstyrk til hátíðarinnar.